

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag almenningsgarðs, Þuríðargarður, Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 18. ágúst 2010 tillögu að deiliskipulagi Þuríðargarðs, Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500, dags. 11. febrúar 2010, og er greinargerð á uppdrætti og var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá og með 21. apríl 2010 til og með 19. maí 2010 með athugasemdafresti til 2. júní 2010.

Uppdráttur með greinargerð vegna tillögunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi

Selfossi, 1. desember 2010.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2010